

**3519. fundur bæjarráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4,  
fimmtdaginn 1. desember 2022 og hófst hann kl. 08:15.**

**Fundinn sátu:**

Líf Lárusdóttir formaður bæjarráðs, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður, Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

**Fyrir tekið:**

**1. 2206189 - Brú lífeyrissjóður - endurgreiðsluhlutfall**

Erindi frá Brú lifeyrissjóði þar sem lagt er til að endurgreiðsluhlutfall launagreiðenda á greiddum lífeysi í réttindasafni Lífeyrissjóðs Akraneskaupstaðar fyrir árið 2023 verði óbreytt, eða 67%.

*Bæjarráð samþykkir að endurgreiðsluhlutfall Akraneskaupstaðar á greiddum lífeyr í réttindasafni Lífeyrissjóðs Akraneskaupstaðar fyrir árið 2023 verði 67%.*

*Bæjarráð vísar ákvörðuninni til bæjarstjórnar Akraness til endanlegrar ákvörðunar.*

*Samþykkt 3:0*

*Bæjarráð felur bæjarstjóra að áretta við Brú lífeyrissjóð fyrri afstöðu Akraneskaupstaðar um nauðsyn þess breytingar verði gerðar á samþykktum Lífeyrissjóðs Akraneskaupstaðar, með það að markmiði að endurgreiðsluhlutfall einstaka launagreiðanda verði í samræmi við fyrirliggjandi skuldbindingar og eignastöðu hans í sjóðnum. Þannig verði komið í veg fyrir að skuldbinding myndist sem falli á sveitarfélagið sem bakábyrgðaraðila eða að gengið verði á aðrar eignir sem myndast hafa í sjóðnum og er ætlað að standa undir öðrum tilteknum skuldbindingum, svo sem vegna starfsfólks Akraneskaupstaðar sjálfs, Faxaflóahafna eða Höfða.*

*Samþykkt 3:0*

**2. 2211263 - Uppbygging við Jaðarsbakka**

Hugmyndir um uppbyggingu á Jaðarsbökkum.

Aðalsteinn Gunnar Jóhannsson, Hrönn Ríkharðsdóttir og Eggert Herbertsson sitja fundinn undir þessum dagskrálið.

*Bæjarráð þakkar gestunum fyrir komuna á fundinn og góða kynningu á erindinu. Bæjarráð fagnar langþráðum áhuga á uppbyggingu hótels á Akranesi og heilsutengdri ferðaþjónustu sem gefur margvísleg tækifæri til frekari uppbyggingar íþróttamannvirkja á Akranesi.*

*Bæjarráð tekur jákvætt í erindið sem fer nú til frekari stjórnsýslulegrar meðferðar í viðeigandi fagráðum Akraneskaupstaðar.*

*Aðalsteinn, Hrönn og Eggert víkja af fundi.*

*hh sft*

**3. 2201198 - Gatnagerðargjald - gjaldskrá 2022**

Breyting á gatnagerðargjaldskrá lögð fram til samþykktar.

*Bæjarráð samþykkir breytingu á gatnagerðargjaldskrá Akraneskaupstaðar og vísar til bæjarstjórnar Akraness til endanlegrar ákvörðunar.*

*Samþykkt 3:0*

**4. 2211018 - Fjárhagsáætlun Höfða 2023 - 2026**

Fjárhagsáætlun Höfða er til rýningar á milli umræðna.

Stjórn Höfða hefur lokið umfjöllun sinni um fjárhagsáætlun heimilisins og vísað til eignaraðila til umfjöllunar og afgreiðslu.

*Lagt fram.*

*Stjórn Höfða gerði enga breytingu á fjárhagsáætlun heimilisins á milli umræðna.*

**5. 2208072 - Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2023 - 2026**

Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun Akraneskaupstaðar er til rýningar á milli umræðna.

*Lagt fram.*

*Áframhaldandi vinna verður á aukafundi bæjarráðs þann 8. desember næstkomandi.*

**6. 2207107 - Fjárhagsáætlun 2023 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2024-2026**

Fjárhagsáætlun ársins 2023 og vegna tímabilsins 2024 til 2026 er til rýningar á milli umræðna.

*Lagt fram.*

*Áframhaldandi vinna verður á aukafundi bæjarráðs þann 8. desember næstkomandi.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:30.**

*Hilf Lárusdóttir*

*Valgaður Þóra Þorleifsson*

*Ragnar Þórmundsson*

*Dóra Þóra Þóra*

*Símun Ólafsson*